



Minnisblað - Rekstur áætlun 2024 samanborið við áætlun 2023 með viðaukum

Rekstrartekjur:

- **Útsvar:** Skatttekjur eru 162 m.kr. hærri en gert er ráð fyrir að útsvarsstofn hækki um 7,2%
- **Framlag jöfnunarsjóðs:** Greiðslur frá jöfnunarsjóði eru áætlaðar samkvæmt gögnum jöfnunarsjóðs fyrir utan framlög vegna málefna fatlaðra. Áætlað er að þau komi ný inn og verði um 662 m.kr. en beðið er eftir endanlegum tölum. Aukning milli ára er því áætluð 874 m.kr.
- **Fasteigaskattur:** Samanstendur af bæði fasteignaskatti og lóðarleigu og hækkar samtals um 70,8 m.kr. vegna hækkunar á fasteignamati.
- **Sölutekjur:** Hækka um 13,3 m.kr. á milli áætlun 2023 og 2024. Ástæða er hækkun gjaldskrár.
- **Þjónustutekjur:** Eru að lækka um 48,7 m.kr. milli áætlunar 2023 og 2024 í A hluta en standa nokkuð óbreyttar í samanteknum A og B hluta. Ástæða þess eru lægri áætlaðar gatnagerðagjaldatekjur vegna óvenju mikils umfangs á árinu 2023. Aukning er síðan í þjónustutekjum hjá Hafnarsjóði um 34,5 m.kr. og hjá Fráveitu um 10,9 m.kr.
- **Eignatekjur:** Eru 8,6 m.kr. undir tekjuáætlun í samanteknum ársreikningi en A hluti er 10 m.kr. undir tekjuáætlun. Helsta ástæðan eru lægri áætlaðar tekjur vegna afnota íþróttamannvirkja um 6,6 m.kr. og félagsheimils Flateyri um 4,6 m.kr.
- **Aðrar tekjur:** Eru 540 m.kr. lægri í tekjuáætlun í samanteknum ársreikningi 2024 miðað við 2023 en A hluti er 535 m.kr. lægri í tekjuáætlun 2024 en 2023. Helsta ástæða þess er lægri tekjur á velferðarsviði um 506 m.kr. vegna samnings um velferðarþjónustu vestfjarða og lokunar á Byggðasamlagi um málefni fatlaðra. Aðrar breytingar eru:
 - 04 Fræðslumál, lækkar um 5,5 m.kr. vegna framlaga til annarra sveitarfélaga á rekstri grunn og leikskóla
 - 06 Æskulýðs og íþróttamál, lækka um 9 m.kr. vegna lægri tekjuáætlunar skíðsvæðis.
 - 07 Slökkvilið, lækkar um 5,4 m.kr. vegna ofáætlunar í áætlun 2023.
 - 31 Eignasjóður, lækkar um 4 m.kr. vegna lægri áætlaðra styrkja
 - 67 Byggðasafn Vestfjarða, lækkar um 5,9 m.kr. vegna lægri áætlaðra styrkja

Rekstargjöld

- **Laun og launatengd gjöld:**
 - **A hluti:** er 311 m.kr. hærri í áætlun 2024 en 2023.
 - 02 Velferðarsvið hækkar um 23,4 m.kr.
 - 04 Fræðslumál hækkar um 154,4 m.kr.
 - 05 Menningarmál hækkar um 13,9 m.kr.
 - 06 Æskulýðs og íþróttamál hækkar um 38,1 m.kr.
 - 07 Brunamál og almannavarnir hækka um 10 m.kr.
 - 09 Skipulags og byggingarmál hækkar um 12 m.kr.
 - 11 Umhverfisnefnd lækkar um 1 m.kr.
 - 13 Atvinnumál lækkar um 6,2 m.kr.
 - 21 Sameiginlegur kostnaður hækkar um 39 m.kr.
 - 27 óvenjulegir liðir (ófyrirséð laun), hækka um 4,9 m.kr.
 - 33 Þjónustumiðstöð hækkar um 22,4 m.kr.
 - **A+B hluti:** er 319 m.kr. hærri í áætlun 2024 en 2023.
 - 41 Hafnarsjóður hækkar um 15 m.kr.
 - 57 Fasteignir Ísafjarðarbæjar lækkar um 13,4 m.kr.
 - 67 Byggðasafn Vestfjarða hækkar um 6 m.kr.
- **Breyting lífeyrisskuldbindinga:** er 11,4 m.kr. hærri áætlun 2024 en 2023 í samanteknum rekstrarreikningi en í A hluta er hækkunin 8,6 m.kr. Áætlun 2024 er uppreiknuð m.v. hækkun launavísitölu og breytinga á greiddum lífeyri.

- **Vörukaup:** Hækka um 18 m.kr. í samantekinni áætlun 2024 m.v. 2023 en í A hluta hækka vörukaup um 14,4 m.kr.
 - 02 Velferðarsvið hækkar um 9,5 m.kr. Er það helst vegna matarþjónustu aldraðra sem hækkar um 6,9 m.kr. vegna hækkunar á aðföngum en einnig vegna kaupa á húsgögnum og innanstoksmunum fyrir 4,3 m.kr. fyrir bætt hjólastólaaðgengi.
 - 04 Fræðslumál hækka um 4,8 m.kr. sem er vegna hækkunar á aðföngum mötuneyta.
 - 06 Æskulýðs og íþróttamál hækka um 3,8 m.kr. og er það helst út af viðbót við líkamsræktarbúnað upp á 2,5 m.kr.
 - 07 Brunamál og almannavarnir hækka um 3,8 m.kr. vegna aukningar í búnaðarkaupum slökkviliðs um 2,4 m.kr..
- **Þjónustukaup:** Aukning er í samanteknum A og B hluta um 125 m.kr. en í A hluta hækka þjónustukaup um 97 m.kr.
 - 04 Fræðslumál aukast um 12 m.kr. vegna þjónustukaupa við Hjallastefnuna.
 - 08 Hreinlætismál aukast um 33,8 m.kr. vegna viðauka við sorpsamning og aukning vegna grendargáma.
 - 10 Umferðar og öryggismál aukast um 20 m.kr. vegna almenningssamgangna
 - 11 Umhverfismál aukast um 4,7 m.kr. vegna átaks við lóðarhreinsanir
 - 13 Atvinnumál aukast um 8 m.kr. vegna aukins kostnaðar við almenningssalarni.
 - 21 sameiginlegur kostnaður eykst um 12,9 m.kr., þar af 9,3 m.kr. vegna upplýsingakerfa
 - 41 Hafnarsjóður eykst um 24,7 m.kr. vegna aukinna umsvifa
- **Orkukostnaður:** Aukning er í samanteknum A og B hluta um 24 m.kr. en í A hluta hækkar orkukostnaður um 19 m.kr. Aukning er í 04 fræðslumál um 7,2 m.kr. og í íþróttamiðstöð Þingeyrar um 5,3 m.kr. Orkukostnaður eykst um 2,3 m.kr. í Fasteignum Ísafjarðarbæjar.
- **Viðhaldskostnaður:** Aukning er í samanteknum A og B hluta um 18 m.kr. en í A hluta hækkar viðhaldskostnaður um 20 m.kr. Aukning er að mestu vegna Eignasjóðs eða 16,4 m.kr.
- **Styrkir og annað:** Aukning er í samanteknum A og B hluta um 125 m.kr. en í A hluta hækkar viðhaldskostnaður um 124,6 m.kr. Ástæða þess er aukning framlaga á Velferðarsviði vegna málefna fatlaðra þar sem við samning um velferðarþjónustu vestfjarða ber Ísafjarðarbæ að greiða framlög til aðildarsveitarfélaga.

Millifærslugjöld og Millifærslutekjur

Ekki er búið að klára áætlun á millifærslum. Koma þær fyrir síðari umræðu.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: Verðbólga var áætluð 5,3% á árinu 2024 en er áætluð 7,9% í áætlun 2023. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru því að lækka á milli áætlana vegna lækkunar á verðbótum. Engin ný lán eru áætluð í núverandi áætlun, komi til þess mun vaxtakostnaður og verðbætur hækkar í hlutfalli við lántökuna.

Söluhagnaður er áætlaður 102 m.kr. hjá Fasteignum Ísafjarðarbæjar vegna áætlaðrar sölu á 6 íbúðum.